

---

**FUNDARGERÐ**

<b>Fundur:</b>	<b>Raforkuhópur 2005-08</b>
<b>Fundartími:</b>	<b>Þriðjudagur 1. nóvember 2005 kl. 13:30</b>
<b>Fundarstaður:</b>	<b>Orkustofnun, Grensásvegi 9</b>
<b>Fundarefni:</b>	<b>1) Raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins og ný uppsetning á gögnunum.</b>
	<b>2) Gögn frá Landsneti og uppsetning á úrvinnslu úr þeim. Gögn frá öðrum og skipulagning.</b>
	<b>3) Verkefni ársins 2006</b>
	<b>4) Húshitun og nýjar hitaveitur.</b>
	<b>5) Önnur mál.</b>

---

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Eymundur Sigurðsson Ívar Þorsteinsson Agnar Árnason Gunnar Aðalsteinsson Sigurður Ágústsson Pétur E. Þórðarson Ólafur Pálsson (fyrir Ívar)
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Fjarverandi:	Ívar Þorsteinsson

- 1) JV sagði að ekki væru öll gögn komin fyrir fyrstu níu mánuði ársins og vísaði til liðar 2) á dagskránni. Samþykkt var að JV mundi senda mönnum úrvinnsluna um fyrstu 9 mánuðina þegar hún lægi fyrir.
- 2) JV sagði að gögnin um september hefðu borist frá Landsneti seint á föstudag. Þau gögn væru komin að mestu inn í gagnagrunninn. Hann sagði að aftur á móti vantaði frá Landsvirkjun vinnslu annarra virkjana en þeirra sem koma frá Landsneti. Einnig vantar þó nokkuð af ótryggðu orkunni frá veitunum. Það vantar vinnsluna hjá Rafveitu Reyðarfjarðar og ótryggðu orkuna hjá þeim. Það vantar alla minni samningana um ótryggða orku frá Rafmagnsveitum ríkisins auk september í stærri samningunum og ótryggðu orkuna eftir mánuðum frá Hitaveitu Suðurnesja. Hann nefndi sem dæmi að gögnin um ótryggðu orkuna hjá Orkubúi Vestfjarða komu frá Landsvirkjun og spurning

væri hvort öll ótryggða orkan gæti ekki komið þaðan (eða frá Landsneti). JV sagði að koma þyrfti þessu í betra horf, það væri orðið mun meira mál en áður að safna þessum gögnum saman. Það ætti að vera hægt að koma þessu í einfaldara horf þannig að ekki verði meiri vinna við að safna þessu saman en áður. JV sagði að þægilegast væri ef þetta mest allt væri hægt að fá einum aðila eins og það var áður

- 3) Engar athugasemdir komu við áætlun fyrir næsta ár sem dreift var á síðasta fundi og var samþykkt að leggja hana fyrir næsta fund í orkuspárnefnd.
- 4) JV sagði að fyrir næsta endurreikning þyrfti að huga að væntanlegum nýjum hitaveitum. Nefnt var að veitur væru líklegar eða þegar ákveðnar á eftirtöldum stöðum:

Grundarfjörður (þegar ákveðin)  
Fnjóskadalur auk frekari útbreiðslu í sveitum Eyjafjarðar.  
Grenivík (líkleg en ekki verið ákveðið endanlega).  
Hofsós (líkleg að farið verði í framkvæmd á næsta ári).  
Skagaströnd (hugsanleg með æð frá Blönduósi).

Einnig var nefnt að Reyðarfjörður ætti að geta nýtt sér afgangsvarma frá Fjarðaáli. Einnig var nefnt að hugsanlega gæti fengist jarðvarmi á Höfn og Þingeyri en meiri óvissa er um þá staði en þá fyrrnefndu. Fundarmenn ætla að huga að því fram að næsta fundi hvort fleiri veitur gætu komið til á næstu árum

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 14:10. Næsti fundur ákveðinn 6. desember 2005.

---

Jón Vilhjálmsson